

IV/16.1.1.3

Málsnr.: 090-2009-000052

Staðsetning: Embætti sérstaks saksóknara

Dagsetning: Föstudagur 1. mars 2013

Klukkan: 12:58

SS Sérstakur saksóknari

LS Lilja Steinþórsdóttir

SS Lilja Steinþórsdóttir er mætt til yfirheyrslu hjá sérstökum saksóknara skv. boðun. Yfirheyrslan fer fram á skrifstofum sérstaks saksóknara að Skúlagötu 17 í Reykjavík.

Lilju er kunngert að sérstakur saksóknari hafi til rannsóknar ætlaða refsiverðri háttsemi stjórnenda og starfsmanna Kaupþings banka hf., Kaupthing Bank Luxembourg S.A. og eftir atvikum annarra einstaklinga við kaup félagsins Lindsor Holding Corp. á skuldabréfum útgefnum af Kaupþingi hf. af Marple Holding S.A. og tilteknun starfsmönnum Kaupþings í Lúxemborg hinn 6. október 2008. Lindsor er félag skráð á bresku Jómfrúreyjum og Marple er félag-skráð í Lúxemborg. Framangreind kaup Lindsor á skuldabréfum útgefnum af Kaupþingi hf. voru fjármögnuð með lánveitingu frá Kaupþingi hf. að fjárhæð 171 milljón evra hinn 6. október 2008. Félagið Lindsor var í eigu Kaupþings þótt eignarhald bankans væri ekki augljóst á þeim tíma af stofnskjölum félagsins.

Þá er Lilju kunngert að sérstakur saksóknari hafi til rannsóknar tortryggilegar faerslur fjármuna frá Kaupþingi hf. til Marple í desember 2007, júní 2008 og október 2008 svo og skuldabréfaviðskipti bankans og Marple í maí og júní 2008.

Með gerningum þessum leikur grunur á að fjármunum Kaupþings banka hf. hafi verið stefnt í stórfellda hættu og kunni þannig að varða við ákvæði XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 247. gr. um fjárdrátt, 249. gr. um umboðssvik og 250. gr. um skilasvik.

Lilju er einnig kunngert að til rannsóknar sé ætluð refsiverð háttsemi er varðar tilbúning og undirritun skjala er varðar ofangreind viðskipti og skjöl er varða félagið Lindsor. Vegna þessa er til skoðunar hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargög.

Þá er Lilju kunngert að til rannsóknar sé hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um bókhald nr. 145/1994 og laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa ranglega fært í bókhald Kaupþings hf. og samstæðureikningsskil bankans í árslok 2007 og við lok 2. ársfjórðungs 2008 ofangreindar faerslur frá bankanum til Marple.

Lilju er kunngert að sérstakur saksóknari hafi til rannsóknar hvort móttaka Marple á fjármunum frá Kaupþingi hf. í desember 2007, júní 2008 og október 2008 brjóti í bága við ákvæði 254. gr. almennra hegningarlaga um hylmingu eða 264. gr. sömu laga um peningaþvætti.

Lilju er kunngert að hún njóti réttarstöðu vitnis við yfirheyrluna samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Henni er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 88/2008. Lilju er jafnframt kunngerð vitnaábyrgð um að vitni kunni með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu að baka sér refsíábyrgð, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 1. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008. Enn fremur er Lilju kunngert að vitni sé rétt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari þess geti falst játning eða bending um að það hafi drygt refsiverðan verknað, sbr. 2. mgr. 65. gr., sbr. 1. mgr. 118 gr. og 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Skilurðu þessi lagaákvæði?

- LS Já ég skil þetta allt saman.
- SS Lilju er kunngert að yfirheyrlan verði tekin upp á hljóð- og mynndisk í samræmi við 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og reglugerð nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlu hjá löggreglu o.fl.

Og hefur þú athugasemdir við það?

- LS Nei.
- SS Og það erum við hér sem erum mætt Sigríður Árnadóttir, saksóknarfulltrúi og Pröstur Helgason, sérfræðingur sem önnust yfirheyrluna.
- Og þá er okkur ekkert að vandbúnaði að bera undir þig, fyrst viljum við sprýja þig hvaða stöðu þú gengdir hjá Kaupþingi í desember 2007?

- LS Ég var innri endurskoðandi Kaupþings.

- SS Og hvaða stöðu gegnir þú í dag?

- LS Ég er innri endurskoðandi Arion banka.

- SS En í desember 2007 og ég reikna með að þá hafir þú gengt sama starfi sumarið 2008 líka?

- LS Já ég byrjaði sem innri endurskoðandi hjá Kaupþingi haustið 2006 og við fall bankans að þá færðist ég yfir til Arion banka og gegni ennþá stöðu innri endurskoðanda.

- SS Og í hverju felst starfið og fólst fyrst og fremst við erum fyrst og fremst að fiska eftir því hvað þú gerðir á þessum tíma?

- LS Það felst í og fólst þá líka í því að gera sjálfstæðar úttektir á fylgni bankans við lög og reglur bæði utan að komandi sem sagt lög og reglur og innri reglur og, og að fólk almennt starfsfólk fari eftir því sem að því er ætlað að gera á réttan hátt.

- SS Og samkvæmt lögum þá?
- LS Og við gerum um þetta sjálfstæðar úttektir og við skrifum skýrslur gerum athugasemdir sem að er fylgt eftir og skýrslurnar fara til framkvæmdastjóra, fara til bankastjóra, fara til stjórnarformanns og innri endurskoðun fylgir því síðan eftir að úrbætur séu þar sem að þörf er á. Þetta er svona í stuttu máli og meginatriðum.
- SS Eigum við þá kannski að snúa okkur að fyrsta tilvikinu sem við höfum hér til rannsóknar sem að varðar félagið Marple sem að við nefndu hér í mætingaskýrslunni og það er þá fjármunafærsla 19. desember 2007. Og við ætlum að byrja á því að bera undir þig hér skjal sem við höfum sem er skjalmerkt II/2.2.1.2.1 og þetta er virðist vera exel skjal sem að er þar segir að segir frá peningagreiðslu dags., uhh sem er dagsett 19. desember 2007 til Kaup. Lúx. vegna viðskiptavinar eins og hér standur. Sammingur miðast við 18. desember setlast 19. desember. Og næst standur að þetta sé option samningur gerður við viðskiptavin Lúx. 22. október en option um að selja okkur kaupbréf. Og svo koma þarna fyrir neðan útreikningar og staðreyndir um viðmiðunarverð og undir liggi að fjöldi bréfa er 11.181.430. Hefur þú séð þetta fylgiskjal áður?
- LS Já ég hef séð þetta fylgiskjal áður vegna þess að þetta er fylgiskjal sem að ég útvegaði sérstökum saksóknar vegna fyrirspurnar. Og númerið sem að kemur fram hérrna 96725186 er fylgiskjalsnúmer þetta er upp úr bókhaldi Kaupþings og fylgdi með þessari greiðslu. Eee það er ákveðinn starfsmaður, fjármálasviðs, sem að skrifar upp á þetta, Ásta Páls og þetta var gert ef ég man rétt samkvæmt, fært sem sagt svona á viðkomandi á þessa reikninga sem að koma hérrna fram að hluta til allavega samkvæmt skipun Guðnýjar Ömu Sverrisdóttur sem að var þáverandi fjármálastjóri.
- SS Sveinsdóttur?
- LS Sveinsdóttir fyrirgefðu. Hún þarna virtist hafa getað gefið eee starfsfólk fjármálasviðs fyrirkipanir um að færa greiðslur þó svo að engir þó svo að vantaði öll undirliggjandi skjöl. Þetta er eitt dæmi um það.
- SS Var það í samræmi við innri reglur bankans?
- LS Eee það er ég man nú ekki til þess að það hafi verið sérstakar eða séu sérstakar reglur innri reglur um hvernig fylgiskjöl eigi að líta út en bókhaldslögin eru algjörlega skýr hvað þetta varðar að með hverri færslu á að fylgja eeeee skýring á því sem verið er að gera og rekjanleiki. Bæði 6. og 8. gr. bókhaldslaganna er mjög skýr um það og, og eee það eiga allir að vera meðvitaðir um það.
- SS Og þetta skjal mundi þá ekki fullnægja þeim skilyrðum sem standur í lögunum?

- LS Engan veginn þetta er tilbúið skjal og það eru engin undirliggjandi gögn með þessu fylgiskjali ef ég man rétt. Ég að vísu sko rifjaði þetta aðeins upp af því að ég fékk smá hint frá ykkur hvað um væri að ræða. En þið verðið að taka tillit til þess að á milli mínum og sérstaks saksóknara frá hruni bankans hafa gengið fram og til baka um það bil þúsund póstar. Ég taldi það í morgun. Þannig að en ég rifjaði þetta upp.
- SS Þetta númer sem þú vísaðir til þarna áðan sem er handskrifað inn á þetta skjal 96725186 er sem sagt þá úr bókhaldi bankans?
- LS Já þetta er, er þetta skjal fengum við frá skilanefndinni. Hún fékk á einhverjum ákvæðum tíma ég man ekki nákvæmlega hvenær það hefur verið, það hefur verið 2010 trúlega, þá fékk hún sem sagt bókhaldsgögn Kaupþings yfir til sín og vegna fyrirspurnar sérstaks saksóknara að þá kallaði ég eftir þessu og þetta var það eina sem að var mér var sagt væri í gögnum, bókhaldsgögnum Kaupþings.
- SS En ef að allt hefði verið eðlilegt hefði þá átt að liggja fyrir þessi samningur sem þú vísaðir þarna til og eftir atvikum eitthvað fleira?
- LS Já það átti að náttúrlega bæði kvittun fyrir sko greiðslunni, swift skeysi eða, eða eitthvað sýnilegt sem að sýndi að greiðslan hefði farið út í fyrsta lagi. Síðan hefði samningurinn átt að fylgja með eða tilvísun í kerfið eða númer í kerfi sem að samningurinn hefur verið gerðu í eða hefði átt að vera gerður í. Fyrir utan það að það að mínu álti hefði líka átt að vera einhver sönnun á því að bankinn hefði mótttekið þennan fjölda bréfa sem að stendur hérrna 11.181.430 einingar í Kaupþingi.
- SS Þú vísaðir til þess að þetta hefði ekki átt að vera búin til þá þessi samningur hugsanlega í einhverju kerfi. Hvaða kerfi á þessum tíma?
- LS Það voru í raun og veru kannski tvö kerfi í gangi í bankanum það var verið að leggja af kerfi sem heitir Infinity en sem er að vísu ennþá þarna uppistandandi, skilanefndin er þar með þarna alla samninga, afleiðusamninga inni. Hún yfirtók allt slíkt eða slitastjórnin núna frá við hrun bankans. Það er annað kerfi sem að heitir Calypso sem að var verið að taka upp. Það er í öðru hvoru þessara kerfa sem að þessi samningur hefði átt að vera.
- SS Þannig að ef hann finnst ekki í þessum kerfum hvort heldur sem er.
- LS Já.
- SS Hvað segir það okkur?
- LS Hugsanlega að hafi aldrei verið gerður.
- SS Hver hefði átt að gera svona samning, innan bankans?

- LS Innan bankans. Það er um kannski megin atriðum um two aðila að ræða annars vegar fjárvældingin í bankanum eða markaðsviðskipti.
- SS Einhverjur sérstakir starfsmenn þar eða deildir undir þessum sviðum?
- LS Hummm það verðu náttúrlega bara að vísa á forstöðumenn þessara sviða sko. Ólafur Frímann var í þessum málum, Guðmundur Þórður var framkvæmdastjóri fjárvældingar á þessum tíma. Hannes Frímann var í markaðsviðskiptum og nú man ég ekki í svipinn framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, þið hafið það. Ehm já.
- SS Hefðir þú með einhverjum hætti átt að hafa eftirlit með þessu hefði það heyrt undir þig?
- LS Nei sko það verður að athuga hlutverk nákvæmlega og skilja hlutverk innri endurskoðunar. Innri endurskoðun hefur ekki kemur ekkert nálægt rekstrinum í fyrsta lagi og hefur ekki stöðugt eftirlit með einu eða neinu. Við erum það má líta á okkur sem utanaðkomandi aðila sem að koma after the fact sem sagt eftir að hlutirnir gerast og skoða hvort að þeir hafi verið í samræmi við, við ...
- SS Lög og reglur?
- LS .. lög og reglur og innri reglur og allt það. Innra eftirlit sem slíkt sko hvílir alltaf það er fyrst og fremst í fyrsta lagi ber samkvæmt lögum stjórnin á að það sé komið á skipulögðu innra eftirliti í fjármálasstofnunum. Og í öðru lagi að þá útvistast það eftirlit til bankastjóra og framkvæmdastjóra sem að geta svo hríslað því niður til forstöðumanna og einstakra starfsmanna. Þeir eiga sem sagt að koma á því innra eftirliti þannig að það uppfylli þær kröfur sem að bæði fjármálastofnunin sjálf gerir og ytra umhverfið gerir.
- SS En höfðu aðrir heimild til þess að gera samninga eins og þessa, aðrir en þessar deildir sem þú ert búin að vísa til eða svipuð?
- LS Ég get ekki fullyrt það. Það kæmi þá fram í reglubókinni.
- SS Yfirstjórn? Hreiðar Már?
- LS Sko að mínu... Nei. Í raun og veru til þess að uppfylla reglubók og reglur bankans þá hafði engin eimr einstaklingur heimild eða leyfi til að gera svona. Og það að færa svona í bókhald bankans eee með..., samkvæmt tölvpósti, er bara ekki heimilt. Hvorki lög eða reglur sem að leyfa það né heldur innri, innri reglur bankans á þessum tíma eða, eða núna. Það má aldrei færa einhverjar færslur sem að er..., bara eru tilbúnar. Það er bara óheimilt.

- SS Getur þú skýrt þetta aðeins nánar út?
- LS Ja bara samkvæmt bókhaldslögum þá getur þú aldrei þarna búið til... Þú getur aldrei tekið út af bankareikningi og búið til eithvert plagg og fært það sem fylgiskjal. Það verður að vera skýrt hvað var verið að gera og, og rekjanlegt þá í kerfi, ef þetta er í einhverjum kerfum, og það er vísað í kerfið þá verður rekjanlegt í kerfum með númerum og öðru til þess að uppfylla lagakröfur.
- SS En hver á að stinga niður fæti?
- LS Í þessu tilfelli?
- SS Já.
- LS Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hefði að mínu áliti sem að var á þessum tíma Eggert Teitsson aldrei átt að heimila slíkar færslur í bókhaldi. Hann bar ábyrgð á bókhaldinu og hefði ekki átt að, að leyfa svona færslur.
- SS En hvað með þessa bókun sjálfa gætir þú lýst henni aðeins fyrir okkur sem kemur hérna fram á fylgiskjalinu, þessu skjali? Hvað er verið að gera með því að bóka þetta svona?
- LS Ja það er verið að bóka eftir einhverjum samningi eeh um þarna option um bréf á í Kaupþingi. Og það er bókuð þarna gengislækkun og hækkan eða mismunandi gengi og talið að bréfin þarna hafi lækkað þarna um 3 milljarða, rúmlega 3 milljarða. Og það er búin til einhver jóknun þarna 5% jóknun til bankans og það er sú jóknun er væntanlega gjaldfærð. Það koma ekki fram lyklar hérna enda kann ég þá heldur ekki utan að.
- SS Nei, nei.
- LS Og svo er talað um greiðslu þarna sem að fór virkilega til Lúx. og það eru, þið eruð með gögn varðandi það. Og þetta er bókað á deild 339. Var það yfirstjórn ég man það ekki?
- SS Það gæti passað.
- LS Það gæti passað sko,
- SS Já, já það er það.
- LS Já. Og, og lyklana vantar hérna inn á sko. Það er bara sagt sko debet gengismunur, kredit hlutabréfajóknun og kredit bankareikningur. Væntanlega hafa lyklarnir komið eða númerin á bókhaldslyklunum komið fram í bara færslulistanum og ég held að þið

hafið verið með mynd úr Agresso líka yfir þetta, úr Agresso bókhaldskerfinu. Og það er í raun og veru ekki mikil meira um þetta að segja.

SS En getur það ekki passað að í, það kemur svo hérna reklassa síðan eða ...

LS Já reklassa er sko þið getið í raun og veru kannski bara litio burt fá því. Það er bara einhver aðferðafræði sem að ég hef kannski aldrei almennilega skilið hjá bókhaldinu. Að þau þarna keyra einhverjar ákveðnar færslur ég held að það sé vegna þess að þetta fer í ég ætla ekki að úttala mig um þetta sko. En þetta er að minu álti ég hef aldrei séð þetta annars staðar heldur en í bókhaldi þarna bankans. Eh þetta í raun og veru skiptir engu máli. Þetta er einhver keyrsla sem að skiptir í raun og veru engu máli. Það er bara færslan sem skiptir máli.

SS En það var ekki þannig að þessi þetta tap sem var að samningnum það kom ekki fram í rekstri Kaupþings var það?

LS Ég man ekki hvernig þetta var fært. Þið eigið að vera með það. Var þetta ekki fært beint yfir þarna einhvern eiginfjárreikning eða eithváð svoleiðis?

SS Jú. Já.

LS Já.

SS Hvarf þar og sökk þar niður í aðrar færslur sko. Og það er náttúrlega hlutur sem að yfirleitt eða ég hef ekki vanist í því bókhaldi sem ég hef haft umsjón með að menn færðu beint á eiginfjálykla.

SS Veistu hvort að aðrir valréttarsamningar, veistu um aðra valréttarsamninga með hlutabréf í Kaupþingi?

LS Nei ekki til að segja hér og nú.

SS Nei.

LS Nei. En það hefur örugglega verið eða ég geri ráð fyrir því að það hljóti að hafa verið.

SS Aðeins að leitinni svo það sé algjörlega á hreinu. Þú segir að þú hafir leitað til slitastjórnarinnar eða skilanefndarinnar eða slitastjórnarinnar eftir atvikum á þessum tíma sem að þú ert krafni um þessi gögn um þetta héðan.

LS Já.

SS Og það er raunverulega þá skilanefndin eða eftiratvikum slitastjórn sem að afhendir þér þetta skjal sem að við erum að fjalla um.

LS Já.

SS Er möguleiki að þetta hafi þessi sammingur verið gerður að hann leynist einhvers staðar annars staðar. Einhvers staðar sem að hafi fallið milli skips og bryggju eða sé einhvers staðar að leita

LS Sko almenn þegar ég hef fengið eða beiðni frá ykkur þá, þá læt ég leita á öllum þeim stöðum sem ég hugsanlega get ímyndað mér. Og það hefur oft keðjuverkun þannig að einhver annar vísar á einhvern annan og í þessu tilfelli tel ég að sko þetta er náttúrlega bara fylgiskjalið sem ég fékk þegar ég bað um fylgiskjalið með færslunni. Eh síðan tel ég að ég hafi látið leita að samningnum sjálfum í þessum kerfum sem ég nefndi áðan. Og eins hafði ég iðulega samband við eeeee markaðsviðskipti eee starfsmann þar sem að var í svona middle office function gekk frá skjölum og annað. Hún var með lista yfir það sem var verið að gera og hann fannst ekki. Ég get ekki fullyrt um það að hann geti ekki hugsanlega legið einhvers staðar sko.

SS En það er búið að leita þeirra leiða sem að eru færar innan bankans til að leita að þessu?

LS Já ég tel að þarna eeee

SS Það sé fullreynt?

LS ... það sé fullreynt eins og mín geta og þekking og kunnáttu á bankanum nær til sko.

SS Einmitt.

LS Og eins var leitað líka að bréfum sko hvort að þau hefðu komið inn í bankann í, í þarna m.a. í Libra Securities eða það sem kallað er Vigin. Og það fannst ekki neitt þar sem að benti til þess að þau hefðu komið inn í bankann.

SS En mætti ekki hugsa sér að þetta hefði verið nettað það hefðu aldrei nein bréf farið á milli eða skipt um eigendur?

LS Hugsanlega.

SS Eins og fagmennirnir kalla það nakin staða held ég.

LS Já.

SS Jæja.

LS Huganlegt.

SS Já.

LS En allavega var leitað að fysiskum, með gæsalöppum, sönnunum fyrir því að þetta hafi gerst...

SS Já. Nú er þetta...

LS ...og fannst ekki.

SS Nú er þetta ansi stór staða í Kaupþingi.

LS Já.

SS Ég held að þetta slagi alveg upp í 1,5% og hefði ekki þurft, að þér vitandi... Er þér kunnugt um að það hafi þurft að verja sílka stöðu þegar svona samningar eru gerðir?

LS Nei.

SS Hver hefði borið ábyrgð á því?

LS Það er þá fjárvíkingin líka sko.

SS Já.

LS Guðmundur Þórður sem ætti að geta svarað því.

SS Þá er bara að sippa okkur yfir í 30. júní.

Þá er önnur nokkuð lík færsla að minnsta kosti upphæðin er svipuð í kringum 3 milljarðar króna sem fer frá Kaupþingi til Lúxemborgar og endar inn á reikningum félagsins Marple. Og við berum hér undir þig þau skjöl sem fundist hafa varðandi þetta sem eru reyndar upprunnin í Lúxemborg. Skjal merki II/2.2.2.3.1. Nú þarna erum við með ja á fyrsta blaði er uppgjör á framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum 30. júní 2008 er þetta uppgjör dagsett og það eru tvö önnur blöð og þau eru sambærileg. Það eru staðfestingar á framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum dagsett 23. maí 2008 með gjalddaga samkvæmt þeim skjölum 30. júní 2008. Og það er annars vegar gjaldeyrisviðskipti með evrur eða sem sagt íslenskra krónur og evrur og hins vegar íslenskar krónur og bresk sterlingspund. Nú það er kannski fyrst að spyrja hvort að þú hafir séð þessi gögn áður?

LS Ég hef ekki séð þessi gögn áður, nei.

SS Þegar að sérstakur saksóknari fann þessi gögn í gögnum sem að embættið fékk frá Lúxemborg frá sem sagt Kaupþingi í Lúxemborg að þá var jafnfram haft samband við

þig til þess að komast eftir því hvort að einhver fylgiskjöl fyndust í bankanum og manstu eftir því?

LS Að það hafi fundist eithvað?

SS Að þú hafir leitað að minnsta kosti eða látið leita að því?

LS Já sko þessi greiðsla hún kom fyrst til athugunar hjá eeee okkur eða innri endurskoðun mér af því að allt hefur þetta farið í gengum fingurna á mér. Eee þegar að Fjármálaeftirlitið sendi inn fyrirspurn 2009 held ég að það hafi verið eða 2010 varðandi tvær greiðslur til, til þarna Marple. Önnur upp á 10 milljarða sem að var, kom í ljós að voru ábyrgðir á þjá aðila. Það skýrðist og síðan svo þessi greiðsla. Og ef að ég man hlutina rétt að þá fannst aldrei neitt varðandi þessa greiðslu í bókun bankans. Tölvupóstar frá Guðnýju Örnu um að greiða þetta og eithvað slíkt.

SS Uhum. En ef við fórum yfir þessi skjöl efnislega hefði þetta dugað sem fylgiskjöl í bókhald Kaupþings?

LS Þetta hefði að einhverju leyti kannski komið til móts við hluta af þeim kröfum sem eru gerðar til fylgiskjala en ef að vantar inn í kerfi bankans og rekjanleikann á því að þessi viðskipti hafi raunverulega átt sér stað að þá er þetta ekki fullnægjandi fylgiskjöl. Það þarf að vera eithvað beggja vegna sko. Það getur vel verið að það hafi verið eithvað í Lúxemborg en það fannst ekki neitt í Kaupþingi á Íslandi.

SS En nú virðast þessi skjöl hafa uppruna sinn í Kaupþingi hf. á Íslandi eins og sjá má af bréfhausnum.

LS Já, já þetta er náttúrlega bara sko á bréfsefni þetta er ekki númeraðir sammingar eða neitt slíkt. Þetta er ekki eins og þetta komi úr einhverjum kerfum bankans.

SS Nei ég er að vísa til bréfhaussins.

LS Já. Það er alveg ljóst að þetta er ekki skrifað beint út úr kerfum bankans.

SS Er þetta venjulegur framgangsmáti að hafa þetta með þessum hætti að nú eru tvö síðari skjölin ekki sammingarnir sjálfir heldur staðfesting á framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum. Er þetta svona venjulegt í þínum augum?

LS Nei það tel ég ekki vera sko. Nú þarna nei það þeir voru allt örðuvísi og þið hafið örugglega í ykkar fórum líka sko mýmög dæmi um, um kvittanir út úr kerfum bankans yfir svona samninga.

SS Hefði svona samningur líka átt að vera gerður í einhverjum af þessum kerf., annað hvort Infinity þá eða Calypso...?

- LS Calypso kerfunum sko og trúlega fara í gegn hjá eee gegnum markaðsviðskipti hjá þeim.
- SS Svona sambærilegir samningar eru gerðir þar?
- LS Já.
- SS En ekki þó fjárvíringin?
- LS Og eða fjárvíringu ég skal ekki fullyrða það en fylgiskjöl og staðfestingar og annað á bréfsefni eru ekki fullnægjandi.
- SS Það þurfa að vera?
- LS Það þarf að vera rekjanleiki yfir í kerfi bankans þar sem að sést að færslan hafi raunverulega átt sér stað.
- SS En ekki eithvað svona sem að hver sem er getur sett á blað?
- LS Nei. Nei.
- SS Nú er þetta þá vissulega frábrugðið því skjali sem við skoðuðum áðan varðandi 19. desember færsluna að þetta þessi þessar staðfestingar á framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum eru þó undirrituð.
- LS Já.
- SS Undirritaðar og það er þá Hreiðar Már sem samþykkir fyrir hönd skyldi maður ætla Kauphings banka og Magnús Guðmundsson.
- LS Í Lúxemborg.
- SS Í Lúxemborg og Guðny Arna Sveinsdóttir staðfestir að þetta sé rétt dagsetning og undirritun. Manstu eftir einhverjum svona sambærilegum skjöldum þar sem að þessir aðilar þá fyrst og fremst Magnús og Hreiðar Már hafa þá gert einhvern svona sambærilegan samning?
- LS Nei ég man ekki eftir því.
- SS Eða þá að það séu svona samningar milli bankanna þessara tveggja banka og þá dótturfélags Kauphings sem er þá Kauphing í Lúxemborg?

- LS Ég held að þeir samningar sko sem að hafi verið gerðir á milli bankanna hafi verið almennt úr kerfum bankans og listuð upp í kerfum bankans.
- SS Nú veit ég ekki hvort að þú ert rétta manneskjan til að svara því þó verður bara svo að vera. En hvort að bankarnir sín á milli gerðu svona gjaldmiðlaskiptasamninga? Var það algegt?
- LS Eeh já ég veit ekki hvort ég get svarað því að það var algengt en það var gert.
- SS Já. Og þá liður kannski í þessu sem varðar gengisvarnir vegna dótturfélaga eða?
- LS Já það getur vel verið sko. Já. En..
- SS Veistu hverjir... Nú er þarna sér lykill sem heitir gengisvarnir vegna dótturfélaga...
- LS Já.
- SS ... inni á eiginfjálykli er hluti af eiginfjálykli...
- LS Já.
- SS ... veistu hvaða aðilar sjá...?
- LS Sáu um það?
- SS Já.
- LS Það, nei ekki til að fullyrða það en ég ímynda mér að það hafi verið fjárvíringin, sko Guðmundur Þórður. Og jafnvel bókhaldið sko Eggert Teitsson sem að hafi á einhvern hátt þarna komið að því en fyrst og fremst hefur þetta sjálfsagt verið á könnu sko fjárvíringar. Þeir þarna voru jú að, að stýra í raun og veru gjaldmiðlum bankans og magni af hverjum gjaldmiðli og lausafjárvíringu almennt og yfirleitt bankans sko. Alveg eins og það er í dag, ennþá, að það er fjárvíringin sem að sér um það.
- SS Hefur þú séð einhver sambærileg skjöl og þessi sem eru fyrir framan þig núna?
- LS Ég hef séð náttúrlega skjöl þar sem að er listað upp hérrna framvirkт gengi og stundargengi og annað en, en þau hafa þá verið úr kerfum bankans sko.
- SS Nú er Marple ekki dótturfélag Kaupþings?
- LS Nei.

- SS Þannig að hvernig rímar það saman að eins og kemur fram þarna á þessum staðfestingum að þá er fært inn handskrifð inn á að þetta sé vegna Marple? Hvernig rímar það við það að færa þetta með þeim hætti sem það var gert?
- LS Það skal ég ekki segja sko. Ég get ekki í raun og veru sagt neitt um það hvernig Marple þarna kemur inn í þetta. En Marple var í eigu Skúla og sem að var mikill viðskiptavinur getur maður sagt Kaupþings.
- SS En það er þá kannski spurning aðeins svona útfæra spurninguna varðandi svona samninga hvort þú hafir séð svona samninga áður hvort að það var þá líka hægt að gera, að Kaupþing hf. gæti gert samning við félag úti í Lúxemborg í þessu tilviki Marple með milligöngu Kaupþings í Lúxemborg? Kannast þú við þetta upplegg?
- LS Nei ég hef ekki séð það áður sko. En Marple og Skúli eigandi voru náttúrlega viðskiptavinir Kaupþing Lúx.
- SS Já. Við erum svona að fiska eftir því hvort að þetta er eitthvað sem að var algengt sem að virðist ekki vera.
- LS Já ég get í raun og veru ekki fullyrt um það nema skoða það þá almennt og yfirleitt. En, en það er athyglisvert að svona stór banki eins og Kaupþing sé að nýta smáfyrirtæki þarna Marple í gjaldmiðlaskiptasamningum. En það getur vel verið að það sé hægt að útskýra það fyrir mér og ykkur að það hafi verið eðlilegt.
- SS Já. Er eitthvað fleira?
Nei ég held að við séum nokkuð góð hérrna nema Lilja vilji bæta einhverju við. Er eitthvað sem að þú vilt bæta við já.
- LS Nei ekki sérstaklega. Ekki á þessari stundu allavega.
- SS Segjum við þá ekki bara gott?
Jú.
Klukkuna vantar tuttugu og eina mínútu í tvö sem sagt 13:39 þegar að þessari yfirheyrslu lýkur.